

LEIKFÉLAG KEFLAVÍKUR
Þar sem
DÖFLA
EYJAN
VOR 2024
Höfundur sögu: Einar Kárason
Höfundur leikgerðar: Kjartan Ragnarsson
Leikstjórn: Árni Grétar Jóhannsson



Kæri leikhúsgestur - velkominn í Frumleikhúsið.

Stjórn Leikfélags Keflavíkur ákvað snemma að vorverk þessa leikárs yrði farsi og einhverjir glöggir muna kannski eftir því að auglýstar voru leikprufur fyrir verkið snemma í janúar. Það varð svo ljóst þegar stór hópur af hæfileikaríkum einstaklingum mættu í prufur að farsi var ekki það besta í stöðunni. Farsar eru þekktir fyrir fá hlutverk og í ljósi áhuga og hæfileika þeirra sem komu í prufur var tekin ákvörðun um að ráðast í eitthvað stærra verk svo allir gætu verið með. Leikstjórinn kom með þá snilldar hugmynd að ráðast í uppfærslu á leikritinu Þar sem Djöflaeyjan rís. Eftir að hafa skoðað handritið og rætt málin var sú hugmynd samþykkt enda ekki oft sem áhugaleikfélög þurfa að ráðast í mannmörg verk vegna fjölda áhugasamra leikara sem vilja taka þátt. Í raun algjört lúxus vandamál.

Æfingaferlið hófst með heimalestri þátttakenda, þar sem allir lásu bækurnar Þar sem Djöflaeyjan rís og Gulleyjan en verkið er byggt á þeim bókum. Rithöfundurinn Einar Kárason mætti svo til okkar í kaffiboð og sagði okkur söguna sem varð til þess að hann skrifaði þessar bækur.

Það sem hefur einkennt æfingaferlið með Árna leikstjóra er að kafað hefur verið vel í persónusköpun og braggahverfið sjálft sem er umhverfi sýningarinnar og þannig hafa leikarar getað sett sig í réttar aðstæður verksins. Þetta hefur verið áhugavert ferli, krefjandi en umfram allt skemmtilegt. Við hlökkum til að sýna ykkur afraksturinn og vonum að þið njótið. Munið að góð umfjöllun er besta auglýsingin og því um að gera að láta orðin berast manna á milli. Áhugaleikfélög eins og Leikfélag Keflavíkur er öflugt vegna þess að bæjarbúar hafa verið duglegir að mæta á sýningarnar í Frumleikhúsinu.

Takk fyrir komuna og njótið sýningarinnar.

Stjórn Leikfélags Keflavíkur 2023-2024,

Brynja Ýr Júlíusdóttir
Arnar Helgason
Tara Sól Sveinbjörnsdóttir
Birgitta Ösp Smáradóttir
Andri Sævar Arnarsson
Jóhann Helgi Gíslason


Ánægðari
viðskiptavinir
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
Sjóvá er efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvoginni sjöunda árið í röð.
SJÓVÁ
Sjóvá | Hafnargötu 36 | 440 2000 | sudurnes@sjova.is

Heiðraði leikhúsgestur.

Það var vandasamt verk sem beið okkar og stjórnar Leikfélags Keflavíkur þegar kom að verkefnavali að þessu sinni. Allskyns hugmyndir höfðu flogið en mestur áhugi var í upphafi á að setja upp hressilegan farsa með öllum sínum hurðaskellum og gassagangi. En þá tók lúxusvandinn við. Svo mörg höfðu lýst áhuga á að starfa með leikfélaginu þetta vorið að hvergi fannst handrit sem hefði gefið öllum áhugasömum tækifæri til að vera með. Þegar slík gæfa blasir við, þá er fátt annað fyrir stjórnendur en að henda sér aftur á upphafsreit og leita víðar, kafa dýpra. Fyrir hendingu rákumst við á handritið að Djöflaeyju Einars Kárasonar í leikgerð Kjartans Ragnarssonar. Þau sem til sögunnar þekkja vita hve dásamlegt gallerí af persónum þar eru á ferð. Sagan er safarík, skemmtileg og uppfull af húmor en á sama tíma er hún saga fólks sem þarf að berjast áfram í lífinu, berjast við djöfla og púka, berjast við fíkn og margar þeirra áskorana sem lífinu fylgir. Fólkið í Djöflaeyjunni er á köflum utanveltu í hinu víðara samfélagi en knúið áfram af mennsku og þrjósku finnur það sitt samfélag hvort í öðru í Thule Campinum. Sögurnar af þessu fólki lætur engann ósnortinn.

Það hefur sannarlega verið mikill heiður að fá að spreyta sig í fyrsta skipti með Leikfélagi Keflavíkur. Hópurinn sem að stjórn félagsins kemur sem og leikhópurinn sjálfur er ungur að aldri, dýnamískur, hæfileikaríkur og skemmtilegur en fyrst og fremst samansafn af ofsalega góðu fólki. Líkt og í lífinu hefur það reynst sérstaklega mikilvægt við uppsetningu á þessu verki að hafa samkennd með náunganum og viljann til að setja sig í annarra spor. Það er lykillinn að því að skilja örlög og raunir þeirra manneskja sem leikararnir nú túlka á sviðinu. Tilvera Thule Campsins gæti ekki verið fjær tilveru leikaranna, á yfirborðinu allavega, en undir niðri verðum við að muna að í okkur öllum slá hjörtun eins. Óskir, vonir og þrár á svipuðum nótum. Munum mennskuna.

Að setja upp sýningu af þessari stærðargráðu er þrekvirki fyrir áhugamannaleikfélög. Meðlimir taka þá ákvörðun að gefa nánast allan sinn frítíma svo vikum skiptir, stíga út af




frá fjölskyldum sem bíða, þurfa að vera með allskonar vesen gagnvart vinnuveitendum, leggja á ættingja og vini að þylja með þeim texta sí og æ og svo mætti lengi telja. Fyrir ykkur öllum tek ég ofan hatt minn. Það er samt þannig í verunni að þetta gjöfula framtak leikaranna og fólksins bakvið tjöldin dugir ekki til við uppsetningu sem þessa. Metnaðarfullt menningarstarf, líkt og það sem fram fer í áhugamannaleikfélögum landsins, krefst einnig hellings fjármuna til að reka sig. Því langar mig að skora á þig, lesandi góður, að skoða með hvaða leiðum þú getur stutt við þetta frábæra starf sem þú nýtur nú góðs af. Hver vara gefin, hver auglýsing keypt, hver króna í styrki og hver stund sjálfboðin margfaldast í virði innan Leikfélags Keflavíkur. Stattu með.

Við leikhóp og stjórn langar mig að segja: Mikið svakalega hefur þetta verið gaman og sálarstækkandi! Þegar samfélagið og umræðan í heiminum utan Frumleikhússins hefur verið ómennsk og krefjandi hefur það verið ómetanlegt að stíga inn í okkar búbblu og finna alla þessa ást og gleði, hlátur, skilning, virðingu, metnað og síðast en ekki síst að fá að kynnast ykkur öllum og vinna með að þessu sköpunarverki okkar allra. Þið eruð snillingar öll sem eitt. Takk fyrir okkur!

Árni Grétar og Magnús Dreki

Um leikstjórann



Árni Grétar lauk B.A. gráðu í leikstjórn frá Rose Bruford College of Theatre and Performance í London árið 2010. Frá útskrift hefur hann m.a. kennt leiklist í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, Kvikmyndaskóla Íslands, sett upp sýningarnar Mennsk og Baneitrað samband á Njálsgötunni með NFB, Skjaldbakan í Bragganum Hólmavík, söngleikinn Þrek og tár með LMA, Wake Me Up með leikfélagi Menntaskólans á Egilsstöðum. Góðir hálsar í Frystiklefanum Rifi ásamt því að setja þar upp leikverkið Mar, sem tilnefnt var til Grímunnar sem Sproti ársins það ár. Árni Grétar hefur leikstýrt svo reglulega hjá Leikfélagi Vestmannaeyja en verkefnin þar hafa verið: Benedikt Búálfur, Klaufar og kóngsdætur, Blúndur og blásýra og nú síðast Rocky Horror, sem valin var til uppsetningar í Þjóðleikhúsinu í júní 2023.
Samhliða þessum verkefnum hefur hann unnið við leikaraval fyrir sjónvarpsauglýsingar og myndbönd, leiðsögn og athafnastjórnun ásamt ýmsum öðrum verkefnum.











Andri Sævar Arnarsson



Arnar Helgason



Birgitta Ösp Smáradóttir



Daði Freyr Þorgeirsson



Fanný Elísabet Arnarsdóttir



Gabríel Már Elvarsson



Guðlaugur Ómar Guðlaugsson




Gunnar Örn Guðmundsson



Jenný Jónsdóttir



Jóhann Helgi Gíslason



Lárus Logi Elentínusson



Lísa Einarsdóttir



Margrét Arna Ágústsdóttir



Róbert Andri Drzymkowski



Sigríður Rut Ragnarsdóttir Ísfeld

Hlutverk:

Andri Sævar Arnarsson	...Danni, Ólafur
Arnar Helgason	...Tóti
Birgitta Ösp Smáradóttir	...Þórgunnur
Daði Freyr Þorgeirsson	...Lína
Fanný Elísabet Arnarsdóttir	...Hveragerður, Kona, Partýgestur
Gabríel Már Elvarsson	...Grjóni
Guðlaugur Ómar Guðmundsson	...Dóri, Böddi Billó
Gunnar Örn Guðmundsson	...Maður í frakka, Gísli, Partýgestur
Jenný Jónsdóttir	...Fía
Jóhann Helgi Gíslason	...Tommi
Lárus Logi Elentínusson	...Prúðbúinn faðir, Gúndi, Maggi
Lísa Einarsdóttir	...Gógó
Margrét Arna Ágústsdóttir	...Grettir
Róbert Andri Drzymkowski	...Baddi, Ottó
Sigríður Rut Ragnarsdóttir Ísfeld	...Dollí

SOHO
CATERING
VEISLUÞJÓNUSTA
WWW.SOHO.IS

Fólkið á bakvið tjöldin

Leikstjóri:	Árni Grétar Jóhannsson
Höfundur:	Einar Kárason
Leikgerð:	Kjartan Ragnarsson
Hljóðvinnsla:	Þórhallur Arnar Vilbergsson
Grafísk vinnsla:	Davíð Örn Óskarsson
Ljósahönnun:	Vignir Hreinsson
Tæknimaður:	Tara Sól Sveinbjörnsdóttir
Hvíslari:	Sólrún Steinarsdóttir
Búningar:	Hópurinn
Hár og förðun:	Hópurinn
Leikmyndahönnun:	Árni Grétar Jóhannsson
Yfirsmiður:	Arnar Helgason
Sýningarstjóri	Sólrún Steinarsdóttir
Ljósmyndir:	Kári Halldórsson
Umbrot leikskrár:	Davíð Örn Óskarsson

Tónlist

Guðlaugur Ómar Guðmundsson:	Bassi/Gítar
Sigurður Smári Hansson:	Gítar/Harmónika/Hljómborð

Domino's®

BÍLAPUNKTURINN

Sérstakar þakkir

Alto.is
Kamilla Alfreðsdóttir
Knútur Guðmundsson
Ragnhildur Gunnlaugsdóttir

Fjölskyldur og aðstandendur leikhópsins fyrir ómetanlega þolinmæði og stuðning á meðan æfingarferlinu stóð

Þökkum eftirtöldum fyrirtækjum fyrir stuðninginn

MULTI MEDIA

BYKO

ORKAN

Dacoda

Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis

bus4u Iceland +354 421 4444

KSK KAUPFÉLAG SUÐURNESJA

ERÍAL POLE

dagar

Tónleikar að hefjast Harpa, 19:47



Rýmið sem setur tóninn

Njótum hvers dags í nærandi umhverfi

Tónlist verður ekki til í tómarúmi heldur í nærandi jarðvegi. Að sama skapi skiptir jarðvegurinn máli til að njóta listar og fá innblástur. Aðlaðandi rými eykur vellíðan og verður til þess að tónlistar- og ráðstefnugestir snúa endurnærðir heim.

Hafðu samband og við finnum í sameiningu hvernig við getum bætt vinnuumhverfið þitt.

dagar.is 580 0600



Njóttu þess að hlaða bílinn heima

Langtímaleiga á hleðslustöð einfaldar orkuskiptin fyrir heimili og fyrirtæki. HS Orka býður upp á hleðslulausnir og uppsetningu sem hentar fyrir öll heimili og allar gerðir rafbíla.

Þú hefur samband og við finnum lausnir sem henta fyrir heimilið og rafbílinn.

hsorka.is 520 9300

HS ORKA